

Icesave-dæmið gæti kostað 3.000 milljarða en ekki 700

Eftir Ívar Jónsson



Ívar Jónsson

ÍSLENDINGUM hefur tekist í gegnum tíðina að skapa hér á landi óvenju góð lífsskilyrði. Það stafar af því að útflutningstekjur hafa verið notaðar til kaupa á innlendra þjónustu- og framleiðslu. Í grófum dráttum má segja að útflutningstekjurnar hafi margfaldast um 4,2 eða m.ö.o. fyrir hverja krónu sem fengust fyrir útflutning skapast 3,2 krónur innanlands. Þetta sést vel á meðfylgjandi línuriti. Það er því ljóst að útflutningstekjur Íslendinga eru mikilvægar fyrir efnahagslega velferð hér á landi og að sama skapi er það alvar-

legt ef útflutningstekjur tapast.


Líta má svo á að greiðslur vegna Icesave-samningsins muni virka sem tapaðar útflutningstekjur. Fyrir hverju krónu sem greidd er úr landi tapast aðrar 3,2 krónur. Reiknað hefur verið út að Icesave-samningurinn muni kosta Íslendinga 691,5 milljarða króna miðað við að end-

urheimtur af lánasafni Landsbankans verði um 60% (sjá Morgunblaðið 5. júlí 2009). Þetta fé hverfur úr hagkerfinu og mun virka sem neikvæðar útflutningstekjur. Miðað við að margföldunaráhrif og stuðullinn 4,2 munu Íslendingar tapa um 2.900 milljörðum

» Slík skuldabyrði gæti komið hagkerfinu í vítahring minnkandi þjóðartekna. Sú þróun gæti ekki aðeins leitt til mikils fólksflotta heldur einnig til upplausnar samfélagsins.

króna eða jafnvirði tveggja ára landsframléiðslu.

Þegar þetta er haft í huga er eðlilegt að maður spyrji hvort ekki sé rétt að doka við, sérstaklega í ljósi þess að vafi leikur á hvort Íslendingum beri lagaleg skylda til að ábyrgjast greiðslur Innistæðutryggingasjóðs



vegna Icesave-reikninga Landsbankans. Jafnframt er álitamál hvort rétt yrði staðið að gjaldþrotauppgjöri á þrotabúi Landsbankans samkvæmt Icesave-samningnum við Breta. Auk þess benda útreikningar hagfræðinga til að skuldabyrði þjóðarbúsins og ríkissjóðs að viðbættum Icesave-

greiðslum verði langt yfir hættumörkum. Slík skuldabyrði gæti komið hagkerfinu í vítahring minnkandi þjóðartekna. Sú þróun gæti ekki aðeins leitt til mikils fólksflotta heldur einnig til upplausnar samfélagsins.

Höfundur er nýsköpunarfræðingur.

Sjö venjur þeirra sem eru hamingjusamir

Eftir Ingrid Kuhlman



Ingrid Kuhlman

HAMINGJUSAMASTA fólkið í veröldinni deilir sjö mjög áberandi venjum. Ef þú ert að leitast við að auka almenna hamingju þína er gott að huga þessar venjur:

1. Vertu hluti af einhverju sem þú trúir á. Þetta getur verið hvað sem er. Sumir taka virkan þátt í félagsstörfum, aðrir finna athvarf í trúnni og enn aðrir slást í hóp með samtökum, sem þeir hafa miklar mætur á, eða finna ástríðu í starfi sínu. Sama hvað um er að ræða, sálfræðilega útkoman er sú sama. Þeir helga sig einhverju sem þeir hafa mikla trú á, og það færir þeim hamingju og tilgang.

2. Verðu tíma með vinum og fjölskyldu. Ánægjulegt líf er líf sem við deilum með vinum og fjölskyldu (í þessari röð). Því nánari sem tengslin eru og því oftast sem við eigum í samskiptum við þau, því hamingjusamari verðum við.

3. Hugaðu hið góða. Fólk einblínir frekar oft of mikið á neikvæða útkomu og ver litlum tíma í að velja fyrir sér árangri sínum. Það er okkur eðlislægt að vilja leiðrétta óæskilegar aðstæður og einbeita okkur að því, en það verður að vera heilbriggt jafnvægi í meðvitund okkar. Það er mikilvægt að huga á meðvitund og opinn hátt það góða á meðan við vinnum ótulllega að því að leiðrétta það sem er miður gott. Áframhaldandi almenn meðvitund um daglegan árangur getur haft jákvæð áhrif á almenna tilfinningalega hamingju okkar.

4. Notfærðu þér það sem þú býrð yfir. Fólk er yfirleitt hissa þegar þá sér líkamlega fatlaðan einstakling sýna sterk einkenni tilfinningalegrar hamingju. Hvernig getur einhver með það takmarkaða möguleika verið svona hamingjusamur? Svárið liggur í því hvernig það notar það sem það býr yfir. Stevie Wonder er blindur, en hann notfærir sér heyrnina í ástríðu sinni fyrir tónlist, og hann er í dag með 25 Grammy-verðlaun því til sönnunar.

5. Skapaðu góðan endi eins oft og mögulegt er. Máttur enda er hreint ótrúlegur. Það hvernig atburður endar hefur djúpstæð áhrif á almenna upplifun fólks af atburðarinnar í heild sinni. Ímyndaðu þér skáldsögu sem ögrar hugsunum þínum og er sæmilega vel skrifað.

» „Flestir eru eins hamingjusamir og þeir ákveða að vera.“
Abraham Lincoln

uð. Endirinn er hins vegar hreint út sagt glataður. Jafnvel þó að sagan hafi verið hrifandi þangað til í blálokinn, myndirðu líklega ekki mæla með bókinni við vini. Fólk man alltaf endinn. Ef endirinn er ánægjulegur, skapar upplifunin hamingju. Gott er að ganga alltaf frá lausum endum, skilja við hlutina á góðum nótum og skapa ánægjulega enda í lífi þínu eins oft og hægt er.

6. Nýttu persónulega styrkleika við að koma hlutum í framkvæmd. Öll þúum við yfir sérstökum styrkleikum. Öll höfum við mismunandi hæfileika og færni. Tilfinningaleg hamingja er eðlileg þeim sem nýta styrkleika sína við að framkvæma hluti. Það að ljúka við verkefni skapar ávallt árangurstilfinningu. Ef árangurinn er eingöngu byggður á persónulegri færni þinni er líf eðlislægt ómetanleg.

7. Njóttu litlu hlutanna. Bestu hlutirnir í lífinu eru ókeypis – og í flestum tilfellum ekki einu sinni hlutir. Þeir birtast í formi fábrotinnar ánægju og sýnast á mismunandi stöðum og handahófskenndum augnablikum. Þetta snýst allt um það að gefa sér tíma til að taka eftir appelsínugulu sólarlaginu í vatninu á meðan þú heldur í höndina á þeim sem þér þykir vænt um. Að taka eftir þessum augnablikum og taka þátt í þeim reglulega mun færa þér mikla hamingju.

Höfundur er framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Evrópusambandið

Frá Hjálmar Jónssyni:

MEÐ ESB-aðild á heilanum hefur hálf íslenska þjóðin misst vítið og það sem verra er, þingmennirnir okkar falla flattr fyrir áróðri Stór-Pýskalands um alls konar skilyrði sem sett eru varðandi inngöngu Íslands í bandalagið. Staðreyndin er sú að Ísland getur sett hvaða skilyrði sem er vegna þess að stórbandalagið þarf á okkar landi og hafsvæði að halda í þenslustefnu sinni og greiða hvað sem er fyrir. Það er merki-legt að þingmenn gangi með betlistaf til bandalags sem bíður eftir því að gleypa sjó og land. Þannig virkar pólitíkin hjá ESB og hálf þjóðin og þingmenn hafa kynnt áróðrinum. Vonandi áttar þjóð og þing sig á brellunni áður en farið verður að skrifa undir afsal lands og sjávar með afarkostum. Vonandi verður það aldrei. Þann reikning verður alþjóða Íslands að greiða ef við ætlum að vera þjóð áfram. Sem þjóð getum við ekki afneitað því að hafa alið upp fjárgleypamenn á meðal okkar og verðum því að greiða gjaldið fyrir ósómam. Vonandi tekur hátekjufólk einhvern þátt í greiðslunum þó allt sem við, almenningur, höfum heyrt frá stjórnmöldum bendi til þess að vinnukonurnar einar skuli borga, sem sagt þrælalag hefur ekki verið lagt niður. Endurreisa skal gamla sukkið og viðhalda sjálfstöku einstaklinga á verðmætum þjóðarbúsins. Líta má til grunnvanda Íslands í dag, kvótakerfisins eða kvótaframsalsins, sem gangsetti útrásarvirknana ásamt bankagjöfunum til skúrka.

Þingmenn Íslands hafa farið illa með 300 þúsund manns undanfarin ár. En

ætla þeir að halda því áfram? Skuldugt heimili dregur saman óþarfa útgjöld til þess að lækka skuldir. En þjóðarþú okkar virðist stefna í eitthvað sem getur aukíð skuldir og allt lagt í það að hafa möguleika á meiri lánum. Er þetta gáfulegt? Er þjóðin komin á það stig að vera búin að veðsetja þetta land okkar þannig að aðeins sé eftir að afhenda það fjármagnseigendum og þeirri klíku sem stefnir í eignarhald á öllum verðmætum þjóða?

Ef svo er mega varnaðarorð sín lítills. En það má reyna. Við Íslendingar eigum ekkert nema landið okkar og gjafir þess, það er jú stórkostlegt og gjöfult en einnig eftirsótt.

Sú hættu sem steðjar að þjóðinni nú er stærri en allar hörmungar frá landnámsstöð. Hættan er græðgi. Við höfum alið upp einstaklinga sem svífast einskis ef fjármunir eru annars vegar og er skemmst að nefna bankaglaepina. Því miður er fjöldi manna fús til að selja landið og rær öllum árum að því að koma sér í stöðu til þess að hafa rétt til þess arna, með aðstoð þingmannanna okkar. Þetta er hættan sem steðjar að íslenski þjóð í dag.

Austurþýska leyniþjónustan Stasi innleiddi það stjórnarfar að láta almenning njósna um náunga sinn, þetta hefur eflaust virkað og margur saklaus farið í fangelsi vegna óvildar nágrannans. Þetta kerfi er fordæmt í öllum siðuðum þjóðfélögum, nema nú hefur það verið tekið upp á Íslandi. Hvar erum við stödd?

HJÁLMAR JÓNSSON
rafeindavirki.

Íslensku bankarnir eru ekki vogunarsjóðir

Frá Ragnari Þórisssyni

SÍÐASTLIÐNA helgi sagði einn viðmælandi fréttastofu Stöðvar 2 Gamla Kaupþing hafa starfað eins og einn stór vogunarsjóður. Þessi samliking hefur títt skotið upp kollinum í fréttalutningi undanfarið og þykir undirrituðum hún nokkuð villandi. Flestir vogunarsjóðir beita skilvirkri áhættustjórnun með því að taka bæði gnóttstöður og skortstöður í hlutabréfum, skuldabréfum og afleiðum.

Segja má að íslensku bankarnir hafi aðeins verið öðrum megin á hraðbrautinni í þeirri von um að virði eigna þeirra myndi hækka að eilífu. Þegar útlit var fyrir að sú óskhyggja myndi ekki rætast virðist sem svo að brögðum hafi verið beitt til þess að halda gengi bréfa bankanna uppi eins lengi og unnt var sem er ein af ástæðum fyrir því að svo fór sem fór.

Vogunarsjóðir starfa almennt ólíkt íslensku bönkunum þar sem árangur þeirra er metinn mánaðarlega út frá hreinu eignavirði (e. Net Asset Value) og sé rétt frá málum gengið er ómögulegt að blekkja hluthafa. Fjárfestar eru fljóttir að refsa þeim sem ekki skila árangri og hverfa skjótt á braut ef óvarlega hefur verið farið. Undirritaður telur að skynsamleg leið fyrir fjárfesta til að ávaxta sína fjármuni sé að dreifa sparifé sínu í nokkra vogunarsjóði með mismunandi fjárfestingarstefnu.

Því miður hafa of margir Íslendingar líkt íslensku bönkunum við vogunarsjóði undanfarið og er það von undirritaðs að hentugri samliking muni brátt ryðja sér rúms.

RAGNAR ÞÓRISSON,
sjóðsstjóri hjá íslensku vogunarsjóðnum Boreas Capital.

Um þjóðarmann-dóm

Frá Kristjáni Árnasyni

Í KENNSLUBÓK sem mér var einhvern tíma sett fyrir á miðri síðustu öld fengu Finnar góð ummæli. Sagt var að þeir hefðu verið manna skilvísastir á alþjóðlegar skuldir sínar og svo ættu þeir hlauparamm Nurmi. Ekki er víst að ég muni þetta rétt, en það er þó eitt af því sem situr í vitundinni eftir alla áratugin.

Hví skyldi þetta rifjað upp nú, nema vegna þess að Íslendingar hafa komist upp á kant við nágrannaþjóðir sínar af völdum þeirrar manngæðar sem kölluð hefur verið útrásarvikingur. Þessi nafngift á seinni tíma fjárplögs-mönnum hefur vafalaust ekki verið hugsuð sem skammmaryrði, en frá sjónarmiði síðara manna hittir hún í mark, því í augum saklausra fórnarlamba voru hinir upprunalegu víkingar ekkert annað en ótíndir þjófar. Íslenskir landnámsmenn voru ekki slík þjófagengi, heldur hámenningar-fólk sem vann andans afrek sem enn er ástæða til að vera stoltur af.

Íslenski þjóð er stundum líkt við stóra fjölskyldu, og samheldni í anda fjölskyldu gæti e.t.v. hjálpað til við að leysa sum þau vandamál sem við glíum nú við. Í fjölskyldum eru oft svartir sauðir og það getur krafist manndóms hjá vandamönnum að bæta fyrir misgjörðir þeirra. Manndómurinn felst í því að víðurkenna að nákominn maður hefur framið glæp eða beitt annan órétti. En í hvert sinn sem slíkt gerist er einnig framinn glæpur gagnvart fjölskyldu misgjörðarmannsins, þeim sem borið hafa traust til hans.

Ekki ætla ég að gerast dómari um einstaka lagakröka sem tengjast því að Íslendingar taki á sig ábyrgðir vegna fjárglaefra-starfsemi sem nú er verið að flatta ofan af. Hins vegar sýnist mér að við yrðum menn að meiri og mannorð okkar batnaði við það að taka á þessu með þeirri reisin sem okkur þykir samboðin.

Að minnsta kosti er ekki mikið gefandi fyrir það þegar stjórnmálamenn, sem beint eða óbeint bera ábyrgð á glæpunum, berjja sér á brjóst og kalla það niðurlægningu að bæta fyrir hann. Smáin er að hafa leyft það sem átti ekki að leyfast.

KRISTJÁN ÁRNASON,
prófessor í íslenski málfræði.